

Guð hjálpar þeim...

BÆKUR

Leyfðu mér að segja þér sögu

eftir Jorge Bucay. María Rán Guðjónsdóttir þýddi. PP forlag 2005.

Svokallaðar sjálfshjálparbækur seljast víða í milljónaupplögum og hafa síðustu árin fetað sig inn á innlendan bókamarkað. Þær fjalla gjarnan um hvernig fegra megí líf sitt og gera það hamingjuríkara, dýpka samband við börn og maka, ná árangri í starfi, temja sér þægileg samskipti, auðga og bæta kynlífið o.s. frv. Bandaríkjamenn hafa verið einna drýgstir í að markaðssetja og framleiða bækur sem hafa að geyma uppskrift að betra lífi. Dr. Jorge Bucay er metsöluhöfundur í hinum spænskumælandi heimi og nú seljast bækur hans einnig grimmt í Bandaríkjunum. Hann hefur þó sjálfur sagt að verk hans séu ekki dæmigerðar sjálfshjálparbækur með töfralausnum heldur bækur sem fá fólk til að hugsa. Í bókinni, Leyfðu mér að segja þér sögu, lýsir sögumaðurinn, Demián, heimsóknnum sínum til sálfræðingsins dr. Bucay sem beitir óvenjulegum aðferðum í viðtalsmeðferð. Doktor Jorge segir Demián táknræna sögu í hverjum viðtalstíma sem hann svo túlkar og tengir við reynslu sína og tilfinningar (er þetta ekki aðferðafræði Jesú?). Sögurnar eru kunnuglegar og koma héðan og þaðan, s.s. úr munnmælum, þjóðsögum, dæmisögum, austrænum sögnum, talmúð og zen. Tilgangur meðferðar Demiáns er að afla sér sjálfsþekkingar og læra að stjórna eigin viðbrögðum en eina leiðin til að skilja einhvern atburð án þess að upplifa hann beint er, að mati sálfræðingsins, að búa til skýra og táknræna mynd af honum: „Goðsaga, ævintýri eða skrýtla – staðhæfði Jorge – getur verið hundrað sinnum minnisstæðari en þúsund fræðilegar útskýringar, sálgreinandi túlkanir eða formlegar nálganir“ (14). Eftir því sem doktorinn segir fleiri sögur opnast Demián ný sýn og í lok bókarinnar hefur hann náð betra sambandi við bæði sjálfan sig, foreldra sína og unnustu.

Margt gott má um heilræði og boðskap þessarar bókar segja og eflaust höfum við öll gott af að rýna í sálarkeröldin af og til. Sálfræðingurinn segir m.a.: „... öll hugmynd síð-iðnaðarsamfélagsins er byggð á því að eiga en ekki vera... Og til þess að sannfæra okkur um að það sé satt stýrumst við af frumreglu sem er okkur eðlileg ef við erum ekki fær um að komast hjá henni. Hún er setning sem er bæði í senn drifkraftur og gildra... Setningin er: „ÉG VÆRI SVO ÁNÆGÐUR EF ÉG ÆTTI ÞAÐ SEM ÉG Á EKKI!“ (139).

Frumreglan sem hann talar um birtist í efnishyggju, gervipörfum og græðgi nútímamannsins. Sú vísa er sjaldan of oft kveðin að hin sönnu lífsgæði felast ekki í efninu heldur andanum. Fleiri eftirbreytniverð skilaboð er að finna í bókinni en hún geymir þó tæplega lykilinn að lífsgátunni enda varla hægt að ætlast til þess.

Umgjörð frásagnarinnar er frekar einhæf; samtal milli tveggja heldur óspennandi persóna, sálfræðingsins og Demiáns, og lesandi fær hvorki skýra tilfinningu fyrir framförum „sjúklingsins“ né útgeislun doktorsins. Þýðingin virkar sémileg víðast hvar en klúðursleg á stundum. Tungutak sjálfshjálparinnar á líka stundum erfitt með að íklæðast tungu víkinga sem bregða sér hvorki við sár né bana. Í lokaorðunum segir: „Sögurnar voru einungis skrifaðar til að sýna stað eða leið. Vinnan að leita inn á við, djúpt í hverja sögu,

að falda demantinum... er verkefni hvers og eins“ (231). Að þekkja sjálfan sig er eilífðarverkefni – fyrir einhverja gæti fyrsta skrefið verið að glugga í þessa bók.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>